

Viðmiðunarreglur um samskipti leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar við trúar- og lífsskoðunarfélög.

Fræðsluráð samþykkir að eftirfarandi viðmiðunarreglur verði hafðar að leiðarljósi í samskiptum leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar við trúar- og lífsskoðunarfélög:¹

a) Hlutverk skóla er að fræða nemendur um ólík trúarbrögð og lífsskoðanir samkvæmt gildandi aðalnámskrá og námsefni.

b) Trúar- og lífsskoðunarfélög stunda ekki starfsemi sína innan veggja leik- og grunnskóla bæjarins á skólatíma. Þetta á við allar heimsóknir í lífsskoðunar- og trúarlegum tilgangi og dreifingu á boðandi efni. Með boðandi efni er átt við hluti sem gefnir eru eða notaðir sem hluti af trúboði, það er tákngripir, fjölfölduð trúar- og lífsskoðunarrit, bækur, hljóðrit, prentmyndir og kvikmyndir. Ekki er átt við efni sem tengist fræðslu er stuðlar að menningarlausni barna.

Um almenna kynningu gagnvart foreldrum og börnum á viðurkenndu barna- og æskulýðsstarfi trú- og lífsskoðunarfélaga skal fara líkt og með kynningu á hliðstæðum frístundatilboðum frjálsra félagsamtaka í skólasterfi.

c) Skólastjórnendur grunnskóla geta boðið fulltrúum trúar- eða lífsskoðunarfélaga að heimsækja kennslustundir í trúarbragðafræði/lífsleikni sem lið í fræðslu um trú og lífsskoðanir samkvæmt gildandi aðalnámskrá og námsefni, og fer þá heimsóknin fram undir handleiðslu kennara.

d) Heimsóknir á helgi- og samkomustaði trúar- og lífsskoðunarfélaga á skólatíma grunnskóla eiga sér stað undir handleiðslu kennara sem liður í fræðslu um trú og lífsskoðanir, samkvæmt gildandi lögum og aðalnámskrá. Þar sem ekki er sérstaklega getið um vettvangsheimsóknir leikskólubarna á helgi- og samkomustaði trúar- og lífsskoðunarfélaga sem lið í fræðslu um trú og lífsskoðanir í aðalnámskrá leikskóla er eðlilegt að miða slíkrar heimsókna við það sem fram kemur í aðalnámskrá grunnskóla til að gæta samræmis milli skólastiga.

e) Sígildir söngvar, dansar, leikir og handíðir sem teljast hluti af gamalgrónum hátíðum og frídögum þjóðarinnar halda sessi sínum í árstíðabundnum skemmtunum og starfi leik- og grunnskóla, þar með taldir jólasálmar, helgileikir og heimsóknir í trúar- og lífsskoðunarfélög tengd hátíðum.

f) Skólayfirvöld beini því til trúar- og lífsskoðunarfélaga að þau skipuleggi fermingarfræðslu og barnastarf með það að leiðarljósi að það hvorki trufla lög bundið skólasterf um skemmri eða lengri tíma.

g) Ef áfall verður í leik- og grunnskólum er unnið samkvæmt samþykktari áfallaáætlun viðkomandi skóla.

¹ Lífsskoðunarfélag er félag sem byggist á siðferði og lífsskoðunum óháð trúarsetningum og tengja má við þekkt hugmyndakerfi í heimspeki og siðfræði.

h) Trúarlegar guðsþjónustur sem tengjast viðbrögðum við áfalli fara að öllu jöfnu fram utan skólatíma.

Rísi ágreiningur um túlkun þessara reglna úrskurðar Fræðsluþjónusta í þeim efnum. Fræðsluþjónustu er jafnframt falið skipa nefnd sem meti reynslu af reglunum innan eins árs frá setningu þeirra og leggi mat á álitamál sem upp kunna að koma. Um setu í nefndinni verði m.a. leitað til fulltrúa úr leik- og grunnskólum, foreldra auk fulltrúa trúar- og lífsskoðunarfélaga.